

BORGARRÁÐ 21. janúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um áhættustefnu Reykjavíkurborgar - R20050004

Fyrirspurnir vegna fyrirhugaðrar áhættustefnu, Fyrir liggja drög að áhættustefnu, setja á saman „allar áhættur“ svo hægt sé að skoða þær. Margar spurningar vakna og óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir að setja fram nokkrar með formlegum hætti: Um er að ræða stjórnkerfi í kringum áhættustefnuna sem kallar á skrifstofu, nefnd og aðra yfirbyggingu. Eitthvað hlýtur það að kosta og ef svo er þá óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir að fá framlagða áætlun um kostnað. Ef um sparnað verður að ræða, hver verður sparnaðurinn? Borgarstjórn á að koma að áhættuákvörðunum samkvæmt því sem kemur fram í gögnum. Spurningar vakna um gegnsæi og hvort ferlið verði að fullu opið – gegnsætt? Óskað er eftir að fá framlagðan gegnsæisferil þessara fyrirhuguðu áhættustefnu.